

Samþykkt

um viðauka við og breytingu á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu í sumar, frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Þar sem nú er leyfð lundaveiði má veiða um sama tímabil í sumar.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júlí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur frá Reykhólum, útgefin á venjulegan hátt ad 5. júlí 106
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 5. júlí 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Minningarsjóðs Bjarna Þórðarsonar og Þóreyjar Pálsdóttur frá Reykhólum.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 krónur og skal ávaxta það í Söfnunarsjóði Íslands. Allar gjafir er sjóðnum kunna að berast, skulu lagðar við höfuðstólinn,

2. gr.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps og sóknarpresturinn í Staðarprestakalli hafi á höndum stjórn sjóðsins, og skal sóknarprestur hafa oddaatkvæði í stjórninni.

3. gr.

Í aprilmánuði ár hvert, fyrsta sinn árið 1920, skal stjórn sjóðsins, án umsókna, úthluta alt að hálfum ársvöxtum sjóðsins fyrir liðið ár, sem verðlaun til þess bónda í Reykhólahreppi, sem að hennar dómi, eftir efnum og ástæðum, hefir á umliðnu ári framkvæmt mest af jarðarbótum, húsabyggingum, eða öðru því, er miðar til framfara í búskap. Nú virðist stjórn sjóðsins ekki ástæða til þess eitthvert ár, að úthluta verðlaunum úr sjóðnum, og skulu þá ársvextirnir óskertir leggjast við sjóðinn.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að ársvextirnir nema 500 kr., má árlega úthluta tvennum verðlaunum, og frá sama tíma þarf ekki að leggja við höfuðstólinn nema þriðjung vaxta.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórnin árlega semja reikning yfir tekjur og gjöld hans og leggja hann fyrir sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu til endurskoðunar.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 4. júlí 1918.

Fyrir hönd barna þeirra, stofnenda sjóðsins.

Hannes B. Stephensen.

Þórður Bjarnason,